

Skýrsla Golfkennaraskólans fyrir starfsárið 2010

Fastir kennarar skólans eru eftirtaldir:

Arnar Már Ólafsson, skólastjóri
Ingi Þór Einarsson
Derrick Moore
Magnús Birgisson
Úlfar Jónsson
Philipp Hunter
Sigurpáll Geir Sveinsson
Sigurður Geirsson
Gauti Gretarsson

Árið 2010 var með rólegra móti. Engin útskrift var á árinu og enginn nýr hópur byrjaði í námi.

Hópurinn sem nú er við nám tók nokkrum breytingum á tímabilinu. Úr skólanum skráðu sig eftirtaldir nemendur:

Örn Ævar Hjartarson
Þórður Ágústsson
Einar Bjarni Jónsson
Júlíus Hallgrímsson

Inn voru teknir:

Birgir Leifur Hafþórsson og Heiðar Davíð Bragason.

Nemendur skólans eru því í dag 10 talsins:

Árni Páll Hansson
Birgir Leifur Hafþórsson
Björn Kristinn Björnsson
Cedric Etienne Hannedouche
Erla Þorsteinsdóttir
Heiðar Davíð Bragason
Hlynur Geir Hjartarson
Ingibergur Jóhannesson
Nökkvi Gunnarsson
Rögnvaldur Magnússon

Það var lagt upp með það í byrjun árs að skólinn yrði að spara og fara sér hægt í öllum aukaútgjöldum. Það hefur gengið vel og reksturinn er undir kostnaðaráætlun.

Það voru haldnir fundir með kennurum og stjórnendum skólans á árinu. Viðfangsefnið er að fylgja eftir og framkvæma þau atriði sem Education Committee lét okkur hafa í nesti eftir að skólinn fékk viðurkenningu á MTS (Minimum Training Standard) í nóvember 2009. Þar er stærsta og mikilvægasta verkefnið að koma Business þættinum í lag. Hugmynd okkar um að fara í skipulagningu á Golfævintýri í Eyjum var samþykkt, en það verk fór þó aldrei í framkvæmd sökum skipulagsleysis og kennaraskorts.

Það hefur þó engin áhrif á okkar stöðu svo lengi sem við komum verkinu frá okkur og nemendur skólans læri það sem lagt var með upp í byrjun.

Skólinn er ennþá undir eftirliti EPGA í svokölluðu „Follow up“ ferli, en það mun taka tvö til þrjú ár frá viðurkenningu. Eftir það tekur svo við aðlögun að nýjum og breyttum reglum EPGA um lágmarks staðal.

Samstarfið við EPGA hefur verið gott og þeir hafa stutt við bakið á okkur eins og þeir hafa getað.

Skólinn stendur á ákveðnum tímamótum. Það er búið að útskrifa 20 PGA golfkennara úr skólanum. Ef allt gengur að óskum útskrifast 10 nýir golfkennarar í september á þessu ári. Með því erum við svo gott sem búin að metta markaðinn af golfkennurum í bili. Því ákvað skólanefndin að taka ekki inn nýja nemendur s.l. haust og það verður í fyrsta lagi gert haustið 2011 ef aðstæður eru þannig að PGA félagið telji það nauðsynlegt.

Það er ljóst að næsti hópur sem verður tekinn inn mun í fyrsta lagi útskrifast árið 2013. Kostnaður hefur verið reiknaður upp og mun námið í framtíðinni verða nálægt einni milljón fyrir allt námið. Þetta mun hafa áhrif á innkomu félagsins í heildina litið.

Hlutverk skólans mun því breytast og verkefni hans verður að standa að framhaldsmenntun og fyrirlestrum sem tengjast okkar starfi.

Það er af nógu að taka þegar kemur að endurmenntun og skólinn mun leggja sínar tillögur fram í lok sumars um hvernig við teljum best að standa að endurmenntun í framtíðinni. Grunnhugmyndin er sú að golfkennarar þurfi líkt og starfsfólk í öðrum starfsgreinum á símenntun að halda.

PGA á Íslandi á nú fjóra kennara sem hafa sótt Tutor Training á vegum PGA's of Europe. Úlfar Jónsson bættist í hóp þeirra Magnúsar Birgissonar, Derrick Moore og Arnars Mús Ólafssonar sem hafa farið í gegnum þetta nám.

Arnar Már fór á vegum PGA's of Europe og R&A til Paraguay og sá þar um kennslu fyrir golfkennara og landsliðin í landinu.

Fyrir hönd Golfkennaraskólans,

Arnar Már Ólafsson